

Nefndarálit með breytingartillögu

um tillögu til þingsályktunar um Barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Frá velferðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjördísi Evu Þórðardóttur og Maríu Guðjónsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Þóru Jónsdóttur og Lindu Hrönn Þórisdóttur frá Barnaheillum og Árna Múla Jónasson frá Landssamtökunum Þroskahjálpi.

Nefndinni bárust umsagnir frá Barnaheillum, Barnaverndarstofu, Landssamtökunum Þroskahjálpi, Persónuvernd, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, umboðsmanni barna og Öryrkjabandalagi Íslands.

Með þingsályktunartillögunni eru sett fram markmið og aðgerðaáætlun fyrir árin 2021–2024 um innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í ályktuninni eru markmiðin sett fram í 12 liðum. Þeir eru þessir: Þátttaka barna, fræðsla um þátttöku og réttindi barna, barnvæn stjórnsýsla, hagsmunamat út frá réttindum barna, heildstæð stefna í málefnum barna, lagabreytingar og alþjóðlegar skuldbindingar um réttindi barna, samræmd innleiðing á réttindum barna, markviss öflun gagna um farsæld og réttindi barna á Íslandi, greining útgjalda hins opinbera til að tryggja réttindi barna og farsæld, áhersla á réttindi barna í alþjóðlegu samstarfi og eftirfylgni og endurmat.

Almenn ánægja var meðal umsagnaraðila um tillöguna sem hvetja til samþykktar hennar. Barnaheill fjölluðu í umsögn sinni um mikilvægi þess að fræða foreldra um réttindi barna og fagna því að gert er ráð fyrir að unnið verði fræðsluefni um innleiðingu og beitingu barnasáttmálans fyrir börn, forsjáraðila, fagstéttir o.fl. Samtökin hvetja stjórnvöld til að leggja ríka áherslu á fræðslu handa foreldrum um réttindi barna og að skapa aðstæður þar sem foreldrar geti sótt sér fræðslu um uppeldisfærni á meðgöngu og á fyrstu árum í lífi barns. Nefndin tekur undir þetta sjónarmið og áréttar mikilvægi foreldrafræðslu þar sem unnið er með jákvæðar uppeldisaðferðir svo að hægt sé að skapa bestu mögulegu aðstæður í lífi barna inni á heimilum og í daglegu lífi þeirra.

Í tillögunni er fjallað um rafrænan þáttökuvettvang barna og barnvæna samráðsgátt. Persónuvernd veur athygli á því í umsögn sinni að persónuupplýsingar barna njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þar sem þau kunnir að vera síður meðvituð um áhættu, afleiðingar og réttindi sín í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Nefndin tekur undir með Persónuvernd um mikilvægi þess að hvers kyns vinnsla persónuupplýsinga, sem fram fer í tengslum við rafrænan þáttökuvettvang fyrir börn og barnvæna samráðsgátt, verði í fullu samræmi við kröfur laga nr. 90/2018, meðal annars hvað varðar heimild til vinnslu, meginreglur og öryggi persónuupplýsinga.

Landssamtökin Þroskahjálpi og Öryrkjabandalag Íslands benda á mikilvægi þess að öll stefnumótun íslenskra stjórnvalda sem varðar börn taki mið af þeirri staðreynd að fötluð börn njóta færri tækifæra en ófötluð og eru óumdeilanlega líklegri til þess að sæta mismunun á flestum sviðum og verða fyrir ofbeldi. Allar aðgerðir sem fjalla um börn almennt verða því

að miða að því að tryggja fötluðum börnum öll réttindi og tækifæri til jafns við önnur börn og verja þau með öllum tiltækum ráðum fyrir mismunun og ofbeldi af öllu tagi. Samtökin lýsa yfir mikilli ánægju með þá áherslu sem lögð er á að íslensk löggjöf verði samræmd barnasáttmálanum og að stjórnvöld uppfylli frekari skuldbindingar er varða rétt barna. Samtökin ítreka mikilvægi þess að gæta sérstaklega að hagsmunum fatlaðra barna. Auk þess hvetja bæði Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands til þess að horft verði til sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem réttindi fatlaðra barna eru áréttuð enn frekar.

Nefndin leggur áherslu á að þær aðgerðir og þau markmið sem lögð eru fram með þingsályktunartillögu þessari nái til allra barna, jafnt þeirra sem tilheyra jaðarhópum sem annarra. Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tölul. 9.1.1 í II. kafla orðist svo: Útgjöld hins opinbera verði greind út frá réttindum barna.

Lilja Rafney Magnúsdóttir og Vilhjálmur Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en skrifa undir álitid samkvæmt heimild í 2. mgr. 29. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991. Anna Kolbrún Árnadóttir, Helga Vala Helgadóttir og Halldóra Mogensen skrifa undir álitid með fyrirvara sem þær gera grein fyrir í ræðu.

Alþingi, 4. júní 2021.

Helga Vala Helgadóttir,
form., með fyrirvara.

Halla Signý Kristjánsdóttir,
frsm.

Anna Kolbrún Árnadóttir,
með fyrirvara.

Ásmundur Friðriksson.

Guðmundur Ingi Kristinsson.

Halldóra Mogensen,
með fyrirvara.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Ólafur Þór Gunnarsson.

Vilhjálmur Árnason.